

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 21. nóvember 2023 í máli nr. 49/2023

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 25. maí 2023 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, Ítalíu, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði honum 350,04 evrur.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubrési, dags. 30. maí 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Var boðið ítrekað með tölvubrési 28. júní 2023 og síðar með ábyrgðarbrési 13. júlí 2023 sem móttakið var af hálfu varnaraðila þann 19. júlí 2023. Andsvör bárust ekki frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, staðfesting á greiðslu, afrit af skriflegum samskiptum aðila og ljósmynd af hinni keyptu vöru.

Með brési, dags. 20. nóvember 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls má ráða að sóknaraðili festi kaup á ullarpeysu í vefverslun varnaraðila þann 27. september 2021 og greiddi 350,04 evrur fyrir. Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að peysan hafi ekki passað og hann því sent hana til baka eftir að hafa ráðfært sig við varnaraðila um það. Hafi varnaraðili boðið honum nýja peysu í annarri stærð eða endurgreiðslu kaupverðs. Kveðst sóknaraðili hafa óskað eftir endurgreiðslu sem hafi enn ekki borist þrátt fyrir ítrekanir sóknaraðila. Krefst sóknaraðili þess að varnaraðili endurgreiði honum kaupverð peysunnar að fjárhæð 350,04 evrur.

IV

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Þann 27. september 2021 keypti sóknaraðili ullarpeysu í vefverslun varnaraðila fyrir 350,04 evrur. Þegar peysan barst sóknaraðila kom í ljós að mál peysunnar voru ekki í samræmi við það sem sóknaraðili pantaði og er enginn ágreiningur um það atriði í málinu. Voru aðilar í tölvupóstsamskiptum í kjölfarið

vegna þessa. Með tölvupósti 11. nóvember 2021 bauð varnaraðili sóknaraðila að senda peysuna til baka. Með tölvupósti, dags. 14. janúar 2022, staðfesti varnaraðili að hann hefði mótttekið peysuna. Að sögn sóknaraðila ítrekaði hann margsinnis kröfu sína um endurgreiðslu án árangurs. Samkvæmt framlögðum tölvupósti, dags. 9. júní 2023, sem sóknaraðili lagði fram undir meðferð málsins hjá kæruneftndinni, sagðist varnaraðili ætla að endurgreiða kaupverðið eða þrjóna nýja peysu og virtist gefa sóknaraðila val um hvor leiðin yrði farin. Sóknaraðili fór samdægurs fram á endurgreiðslu en að hans sögn hefur hún enn ekki borist, þrátt fyrir ítrekanir.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Í málinu liggur fyrir að peysan sem var afhent var haldin galla. Sóknaraðili skilaði peysunni til varnaraðila og hefur varnaraðili ekki endurgreitt flíkina og hefur því ekki staðið við boð sitt. Samkvæmt þessu verður að fallast á kröfu sóknaraðila.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y., ber að endurgreiða sóknaraðila, X, 350,04 evrur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson